


Á flugi með skurðlækni og byssumanni



Greining Jón H. H. Sen, yfirlæknir og skurðlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, er haldinn þrálátri veiðidellu og líkar best úti í guðsgrænni náttúrunni með fjölskyldunni. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Jón Hai Hwa Sen er harðánægður með tilveruna, enda lífsglaður maður sem á góða að, ann náttúrunni og gæðum hennar og starfar á metnaðarfullu sjúkrahúsi í örri uppbyggingu. **Steinunn Ásmundsdóttir** ræddi við hann í Neskaupstað á dögnum.

Neskaupstaður | Jón fæddist árið 1966 í Reykjavík og ólst upp í Hlíðunum. Hann á kínverskar rætur þar sem afi hans í föðurætt er kínverskur. Eftir læknispróf frá Háskóla Íslands og upphaf á skurðlæknisnámi við Landspítalann lá leiðin til Noregs árið 1996 til að halda áfram sérnámi í skurðlækningum.

"Ég fékk áhuga á skurðlækningum í menntaskóla og hef verið hrifinn af náttúruvísindum frá því ég var smákrakki," heldur Jón áfram. Hann ætlaði upphaflega að verða atvinnuflugmaður og segist hafa haft enn meiri áhuga á fluginu en læknisfræði, en atvinnuhorfur fyrir flugmenn hafi verið erfiðar og það hafi ráðið úrslitum. Jón kynntist konu sinni, Gunní Sif Sigurgeirsdóttur myndlistarmanni fyrir 16 árum. Þau fóru saman til Noregs, þá komin með tvö börn og þjuggu fyrst í Haugasundi og síðar í Stavanger, alls í sex ár. Ekkert hafi verið um lausar skurðlæknastöður á Íslandi þegar Jón hafði lokið námi og þau afráðið að snúa heim, utan ein við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Þau ákváðu að slá til í eitt til tvö ár og athuga hvernig þeim myndi líka og fluttu í mars 2002. "Þá vorum við komin með þrjú börn og það voru gífurleg viðbrigði að koma hingað. Við höfðum hvorugt komið áður og aldrei á Austfirði. Það hefur ræst afskaplega vel úr þessu og við kunnum vel við okkur hér í Neskaupstað," segir Jón og bætir við að fjölskyldan dafni öll vel í leik og starfi, hann sjálfur, Gunnur Sif og börnin þrjú; Helgi 13 ára, Snæfríður 10 ára og Sædís 5 ára. Og eitt barn er á leiðinni.

Sjúkrahús í stórfelldri endurnýjun

Við víkjum talinu að sjúkrahúsinu, en nú er verið að stækka það og endurnýja. Jón segir þjónustuna hafa batnað verulega á allra síðustu árum. Björn Magnússon forstöðulæknir hafi byggt upp öflugan lyflæknisdeild og vinni frábært starf. Skurðeildar- og handlæknishlutinn hafi svo eflst við það að fá nýjan skurðlækni með fjölbreyttari menntun að sjúkrahúsinu og hafi verkum á skurðstofunni fjölgað úr innan við 400 á ári upp í rúmlega 700. Þá komi sérfræðingar reglulega að til að þjónusta sjúklinga. Hollvínasamtök sjúkrahússins hafi gefið sneiðmyndatæki í fyrria, sem hafi gríðarlega þýðingu í allri sjúkdómsgreiningu, auk þess sem röntgentæki hafi verið endurnýjuð og komið á stafrænni framköllum og fjarúrlestri. Þannig hafi sjúkrahúsið tekið stórt stökk inn í nútímann á einu ári. Framkvæmdum við sjúkrahúsið á að ljúka í mars nk. og verða þá opnaðar hjúkrunar- og endurhæfingardeildir. Jón er mikill útivistarmaður og kann vel við sig úti í náttúrunni. "Hér komumst við í alveg nýjar víddir í náttúruskoðun enda er nálægðin við náttúruna einn af

höfuðkostum staðarins. Þegar ég var búinn að koma mér vel fyrir fór ég að stunda uppáhaldssportið, skotveiðar, sem ég hef alltaf haft mikinn áhuga á. Hér er gósenland skotveiðimannsins; gæsir, rjúpur og hreindýr um allt. Við keyptum okkur jörð hér inni í dal í vor og höfum verið með hesta í nokkur ár, frá því að eldri dóttirin kom okkur á bragðið. Jörðina nýtum við sem frístundajörð til útivistar, sem beitiland og til skotveiða. Einnig erum við með hunda sem þarfnast bæði langra og tíðra gönguferða. Það eru mjóhundar sem nefnast Whippet og eru einu hundar af þeirri tegund á landinu. Við fluttum þá inn frá Noregi og höfum aðeins verið að rækta þá."

Veiðir til að kæta bragðlaukana

Áhugann á skotveiðum segir Jón arfleifð frá föður sínum, sem safnaði byssum og kenndi honum að skjóta þegar hann var smáþjakkur. Byssueign Jóns telur sjö afbragðsgóðar veiðibyssur og segist hann taka Helga son sinn með sér í flestalla veiðitúra. Jón segist ágætis skytta og manni dettur í hug hvort hann leggi metnað í "hreint skot" af skurðfræðilegri nákvæmni. "Ég skýt mikið og æfi mig, er talsverður fullkunnunarsinni og hef t.d. skotið öll mín hreindýr með öruggu banaskoti í brjóstkassann til að vera pottþéttur á því að dýrið sleppi ekki sært frá mér." Hann fór á hreindýraveiðar til Grænlands í sumar og hafði þar eitt dýr. Jón segist veiða til að ná sér í kjöt og njóta þess þegar heim er komið. Hann kann vel að kokka og gerir mikið af því að kæta bragðlaukana. Engir mófuglar hafi þó lent fyrir höglunum þrátt fyrir að hann eigi mjög freistandi matreiðslubók sem lýsir t.d. hrossagauknum sem einhverju mesta lostæti sem hægt sé að hugsa sér. Jón er enn með flugdellu en hefur beint henni inn á fjarstýrð flugmódel sem hann sést með á flugbrautinni við Neskaupstað á góðum dögum. Þegar Jón er spurður um framtíðardrauma segist hann telja sig hafa náð settu marki. "Ef lífið getur haldið áfram eins og það gerir núna er ég mjög sáttur."